



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

8. tbl. 2007, - 17. árg.
Nóvember 2007

Íslenskuskólinn

Íslenskuskennsla fyrir börn sem ekki eru í Internationalskólanum í Luxembourg hófst í ERNSTER laugardaginn 10. nóvember síðastliðinn (skólinn er á horni rue de 'École og rue du Gruenewald).

Kennt er á laugardögum kl. 10:00 til 11:30

Kennsludagar eftir á haustönn 2007

24. nóvember 2007
1. desember 2007
8. desember 2007
15. desember 2007

Kennarar eru

Elsa Dóróthea Kjartansdóttir
Sími 26 684 323 Gsm 621 572 779
E-mail elsakja@simnet.is

Heiða Ingimundardóttir

Sími 26 352 094 Gsm 691 757 787
E-mail hei5@hi.is

Kennsla í Internationalskólanum hófst 19. september síðastliðinn. Kennt er á miðvikudögum fyrir yngri hóp þ.e. 1. - 5. bekk, klukkan 14:20 til 15:30.

Í beinu framhaldi kemur eldri hópur þ.e. 6. - 8. bekkur, einnig á miðvikudögum, þá kl. 15:30 til 16:30.

Kennsludagar eftir á haustönn 2007

21. nóvember 2007
28. nóvember 2007
5. desember 2007

Kennari er Dagný Broddadóttir

Sími 26 311 781 Gsm 621 541 292
E-mail dagny@vma.is

Stjórn FÍL

Basar International

Hinn árlegi Basar International verður haldinn fyrstu helgina í aðventu, í LUXEXPO Kirchberg Foires International.

Opnunartími er laugardaginn 1. desember frá 12:30 til 19:00 og sunnudaginn 2. desember frá 10:00 til 18:00.

Íslenski Basarinn mun m.a. selja lopa- og flísfatnað frá Íslandi. Einnig munum við selja íslenskt sælgæti, íslenskan lax, síld svo og hið vinsæla rúgbrauð, heimabakað af íslenskum félagskonum í Luxembourg.

Basarnefndin ætlar einnig að vera með þá nýbreytni að að bjóða upp á konfektikassa frá Nóa & Síriusi. Nefndin tekur niður pantanir frá þeim sem þess óska.

Allur ágóði Basar International rennur til líknarmála.

Vakin er athygli á því að nefndina vantar fólk í afgreiðslustörf basarhelgina.

Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast hafið samband við nefndarmeðlim við fyrsta tækifæri.

Í basarnefnd eru:

Vala Björg Arnardóttir, formaður sími 621 674 427
Ingunn Guðmundsdóttir, gjaldkeri sími 691 741 858
Guðný V. Benediksdóttir, (innkaupast.) sími 661 200 206
Herdís Þórisdóttir (Dísa) sími 350 206
Hjördís Ingvarsdóttir, sími 621 485 563
Tekla Skowronski

Basarnefndin

Guðspjónusta

Næsta guðspjónusta verður 13. janúar 2008 kl. 14:00 en ekki þann 22. desember 2007 eins og áður hefur komið fram.

Svo verður guðspjónusta á Pálmásunnudag 16. mars 2008 kl. 14:00 og Hvítasunnudag 11. maí 2008 klukkan 14:00 í kirkju Mót mælenda 5 rue de la Congrégation í Luxembourg. Sr. Sigurður Arnarson mun predika.



Öll börn sem eiga að fermast á næsta ári, hvort sem það er á Íslandi eða í Luxembourg eru boðuð á laugardeginum 12. janúar og á laugardeginum 15. mars frá klukkan 11:00 - 16:00 á fermingarnámskeið. Staðsetning verður tilkynnt síðar.



Nánara fyrirkomulag verður auglýst síðar.

Kirkjunefndin

Jólahlaðborð

Arizona Lounge verður með jólahlaðborð föstudagana 30. nóvember, 7. desember og 14. desember næstkomandi.

Sunnudaginn 16. desember verður svo fjölskyldujólahlaðborð á Arizona Lounge.

Sjá nánar á www.islandus.net ásamt matseðli.

Fréttatilkynning

Í þessu blaði:

<i>Íslenskuskólinn</i>	1
<i>Basar International</i>	1
<i>Guðspjónusta</i>	1
<i>Jólahlaðborð á Arizona</i>	1
<i>Málverkasýning Þóru</i>	2
<i>Presturinn okkar</i>	2
<i>Danski Basarinn</i>	2
<i>Vímuefni Jólabbal FÍL</i>	2
<i>Friðagar í Luxembourg</i>	2
<i>Sýning Sigrúnar</i>	2
<i>Heilablóðfall</i>	3
<i>Spunafréttir</i>	3
<i>Fiskurinn og kjötið</i>	3
<i>Unglingarnir í dag?</i>	3
<i>Íslenskt skyr í ScanShop</i>	4
<i>Börnin og ástin</i>	4
<i>Frá ritstjóra</i>	4
<i>Litlu dálkarnir</i>	4



Á döfinni:

- Íslenskuskólinn, sjá bls. 1
- Myndlistarsýning Þóru er opin til 16. desember
- Dansk Basarinn 24. nóv.
- Jólahlaðborð Arizona Lounge 30. nóv., 7. des., 14. des., 16. des.
- Basar International 1.- 2. des.
- Fiskbílinn 7. - 8. desember
- Jólabbal verður 26. des. 2007
- Guðspjónusta 13. janúar 2008
- Þorrablót fyrirhugað 1. mars 2008

Aðstoð vantar - Nauðsynlega

Aðstoð vantar við Basarstörf og við undirbúning og afgreiðslu á jólaballinu.

Jólaballið verður 26. desember 2007

Þorrablótið er fyrirhugað 1. mars 2008



Málverkasýning Þóru

Þóra Karlsdóttir opnaði sína fyrstu málverkasýningu í Gallery Arizona Lounge fimmtudaginn 15. nóvember síðastliðinn.



Sýning hennar nefnist "ALL ABOUT RUST" og verk hennar byggjast á acryl með ryðtækni.

Margt var um manninn í opunarboði Þóru sem kom mörgum verulega á óvart með kraftmikilli sýningu sautján mynda með óvenjulegri ryðtækni.



Sýningin verður opin mánudaga til föstudaga frá kl. 08:00 til 20:00 til 16. desember næstkomandi.

Ritstjóri

Frídagar í Luxembourg

2007

25 Dec 2007	Christmas Day
26 Dec 2007	Boxing Day

2008

01 Jan 2008	New Year
24 Mar 2008	Easter Monday
01 May 2008	Labour Day
12 May 2008	Whit Monday
23 Jun 2008	National Holiday
15 Aug 2008	Assumption
01 Nov 2008	All Saints
25 Dec 2008	Christmas Day
26 Dec 2008	Boxing Day

Börnin og lífið

Pabbinn við 3 ára gamla dóttur sína:

"Nei !! Hreindýr er ekki hestur með sjónvarpsloftnet á höfðinu."

Viðförli netverjinn

Presturinn okkar

Ritstjóri Brúarinnar hefur ásamt Sr. Sigurði Arnarsyni, prestinum okkar hér í Luxembourg ákveðið að hafa sem oftast fréttir frá honum og um kirkjustarf almennt í blaðinu til þess að miðla upplýsingum sem og til skemmtunar.

Borið hefur á því að fólk og sérstaklega nýflutt fólk hefur ekki haft vitneskju um þá þjónustu sem er til reiðu þegar á þarf að halda.

Presturinn í Lundúnum þjónar Íslendingum í Luxembourg og heimsækir þá að jafnaði fjórum sinnum á ári.

Hann sinnir meðal annars fermingarfræðslu hvort sem unglingarnir fermast innan eða utan Luxembourgar og fer fræðslan fram þær helgar sem messur eða guðsþjónustur eru í Luxembourg.

Sr. Sigurdur Arnarson
Íslenska sendiráðinu í Lundúnum/Embassy of
Iceland in London
2A Hans Street
SW1X 0JE, London, England

Tel: + (44) 207 259 3999
FAX + (44) 207 245 9649
Farsími + (44) 7766 020 902

E-Mail: chaplain@utn.is
eða sigurdur.arnarson@utn.stjr.is

Ritstjóri og Sr. Sigurður Arnarson

Danski Basarinn

The Bazaar 24. nov. opens at 10 a.m. by Ambassador Ole Lisborg and l'Echevin Xavier Bettel on Centre sociétaire, 167 rue de Trèves, Cents

EVERYTHING FOR CHRISTMAS

Good ideas for Christmas presents - in Danish design - Green store with exclusive Christmas decorations - Sale of traditional Danish food - Lottery with good prizes - Big second hand sale of books, including English DVD, Videos and CD's

COSY ATMOSPHERE & XMAS TREATS

The Danish Restaurant/Café - Bar - "Æbleskiver & Glogg" (Danish Xmas pastry & Hot wine)- XMAS FUN - Fish pond - Children's cinema - Children's activities with supervision

Santa Claus will be there

WE ARE LOOKING FORWARD TO SEEING YOU ALL

DANISH CHURCH IN LUXEMBOURG

Vímuefni

VÍMUEFNI - HVAD ER ÞAÐ ?

Upplýsingar ætlaðar börnum og unglingum (á öllum aldri).

ER HASS NOKKUÐ HÆTTULEGT ???

Hass, hassolía og marijuana eru öll unnin úr plöntu sem heitir cannabis sativa. Plantan vex víða í heitum löndum

ÁHRIF:

Áhrifin af cannabisefnum, en svo eru þessi efni oft nefnd, eru aðallega fólgin í skynbreytingum. Til dæmis skynjar fólk tíma og fjarlægðir öðruvísi en venjulega.

Í vímu finnst manni að 10 mínútur séu fleiri klukkutímar og sumum finnst þeir geta teygt sig í hlut sem er í margra metra fjarlægð.

Neytandinn skynjar líka músík á annan hátt en hún hljómar í raun og veru.

Áhrifin er þó mjög mismunandi eftir einstaklingum, sumum líður vel í vímunni, eru hressir og tala mikið en aðrir verða kvíðnir og þunglyndir, finnst þeir verða einangraðir í hópnum og þora ekki að opna munninn. Þetta getur með tímanum leitt til varanlegra geðtrufluna. Talið er að langvarandi neysla valdi heilaskemmdum.

Notkun cannabisefna hefur í för með sér að hæfileikar til að einbeita sér minnkar. Oft verður fólk kærulaust og gefur skít í allt.

Því hefur verið haldið fram að HASS sé hættulítið vímuefni, ÞETTA ER RANGT en nú á síðari árum hefur komið margt í ljós sem bendir til hins gagnstæða. Meðal annars er líkaminn mjög lengi að losa sig við efnið, sem þýðir að regluleg neysla cannabisefna getur haft í för með sér

AÐ LÍKAMINN LOSAR SIG ALDREI VIÐ EFNID..

Maria Huesmann Karlsdóttir
Counselor/Consultant IC&RC

Jólaball FÍL 2007

Jólaball FÍL verður þann 26. desember næstkomandi kl. 15:00 - 18:00 í salnum Am Sand í Niederanven (á bak við Match og verslunarmiðstöðina).

Ef stjórn FÍL á að geta haldið jólaballið í ár þá þarf fjölda aðstoðarfólks, þar sem aðeins hluti stjórnar verður á landinu um jólin.

Verkefni eru mörg og margvísleg, t.d. að setja upp salinn, skreyta, kakógerð, afgreiðslustörf og ýmislegt fleira.

Vinsamlegast skráið ykkur hjá stjórnar-meðlimum, sjá á bls. 4.

Stjórn FÍL



Sýning Sigrúnar

Sigrún Rosenberg Ingvarsson opnaði málverkasýningu sína í Gallery Arizona Lounge í Contern í Luxembourg fimmtudaginn 11. október síðastliðinn. Sýningin stóð til 12. nóvember.



Ritstjóri

Fiskurinn og kjötið

Fyrirhugað er að leggja af stað í jólasöluna með íslenska fiskinn og fjallalambið góða. Ráðgert er að vera í Luxembourg 7. - 8. desember næstkomandi.

Dagskráin er stíf og er því óskað er eftir að sendar séu inn pantanir sem fyrst vegna takmarkaðs rýmis í bílnum.

Tel. +49 4298 466 826
Mobil +49-178-9055-862
E-mail lcekost@t-online.de

Pétur fískali

Íslenskt skyr í ScanShop

ScanShop er komin með íslenskt skyr frá Mjólkursamsölu í Reykjavík til sölu.

Fylgist með og sýnið áhuga því að ef vel gengur að selja skyrnið munu verða fleiri vörur til sölu í versluninni í framtíðinni.

ScanShop
615 rue de Neudorf
L-2220 Luxembourg

Frá ritstjóra

Kæru lesendur

Vona að blaðið komi ykkur vel. Flest efni er velkomið til birtingar. Reyni að koma tilkynningum til ykkar um hitt og þetta en það kemur mér alltaf jafn mikið á óvart hversu margir lesa ekki annað hvort Brúna eða fréttatilkynningar mínar og annarra á www.islandus.net

Viljið þið koma með tillögur kæru félagsmenn, hvernig er hægt að ná til ykkar?

Kærar þakkir til þeirra sem senda inn efni.

Kveðjur

Ritstjóri

Heilablóðfall

Nú fer að nálgast ár síðan okkar fjölskylda lenti í þeim hremmingum að konan mín fékk slag. Það nálgast undri, hve vel hún hefur náð sér, að undanskildu málstolinu.

Síðan hef ég verið í sambandi við hóp á Íslandi, er nefnist Heilaheill. Á þeirra heimasíðu má finna margan fróðleikinn, til að mynda eftirfarandi vísdóm. (www.heilaheill.is).

Kærar kveðjur.
Brynjar Þórðarson

SLAG (Heilablóðfall) Munið ÞRJÚ FYRSTU SKREFIN

Hvernig þekkir maður slag (heilablóðfall):

Dæmigerð lýsing:

Vinkona mín, sem var að fá slag, hrasaði við og datt og hún sannfærði viðstadda um að það væri allt í lagi með sig, hún hefði bara hrasað út af nýju skónum sínum. Síðar um kvöldið hringdi eiginmaður hennar og sagði að hún hefði látist og dánarorsökin væri heilablóðfall. Ef þeir, sem voru með henni, hefðu þekkt einkenni heilablóðfalls, þá hefði kannski verið hægt að bjarga henni.

Slag (heilablóðfall) dregur suma til dauða en lamar aðra.

Taugasérfræðingur segist geta snúið við afleiðingum heilablóðfalls ef hann fær sjúklinginn nógu fljótt, galdurinn sé að greina blóðfallið og koma sjúklingnum á sjúkrahús innan þriggja klukkustunda.

Þrjú mikilvæg skref sem vert er að muna:

Sá sem vill komast að því hvort um slag/heilablóðfall er að ræða á að spyrja þriggja einfaldrá spurninga:

B* Biðjið viðkomandi að BROSA

T* Biðjið manneskjuna að TALA, SEGJA EINFALDA SETNINGU Í SAMHENGI (sóln skín í dag en í gær var rigning)

L* Biðjið hana/hann að LYFTA BÁÐUM HANDLEGGJUM UPP

Annað merki um slag/heilablóðfall: Biðjið viðkomandi að reka út úr sér tunguna og ef hún er bogin til annarrar hliðarinnar getur það líka verið merki um slag (heilablóðfall).

Ef viðkomandi á í vandræðum með eitt eða fleiri af þessum fyrirmælum hringdu þá í 112 og lýstu einkennum.

Ritstjóri sendir Unni Jónasdóttur innilegar óskir um áframhaldandi bata, Brynjari Þórðarsyni þakkir fyrir innsent bréf og ábendingu, www.heilaheill.is og víðförla Netverjanum fyrir umfjöllun um heilablóðfall

Spunafréttir

Aðalfundur Leikklúbbsins Spuna var haldinn í Top Squash 22. október síðastliðinn og var mátulega fjölmenn. Að venju voru lesnar hefðbundnar skýrslur og kosin stjórn, en einnig var skrafað og skeggrætt um hugsanleg verkefni vetrarins. Komu meðal annars fram hugmyndir um að halda leiklistarnámskeið fyrir börn og samræma það námskeiði fyrir fullorðna, og einnig að halda barnagrímuball á karnevaltímanum.

Fundarkonur voru nokkuð sammála um að gefa þorrablótsgestum frí á þessu starfsári.

Hinsvegar er áhugi fyrir að æfa og sýna leikrit, en engin ákvörðun var tekin um hvaða stykki og hvenær. Núverandi og tilvonandi Spunameðlimir, athugið, allar tillögur eru vel þegnar.

Kosin var ný stjórn. Var þar skipt út einni Kristjánsdóttur fyrir aðra, enda löngu orðin hefð að halda þessu föðurnafni innan stjórnarinnar sem rannsóknarnefni fyrir íslenska erfðagreiningu.

Ný stjórn Spuna er skipuð; Inga Hrefna Kristjánsdóttir, formaður, Stella Jóhannesdóttir, ritari, Íris Þorkeldsdóttir, gjaldkeri.

Við bjóðum Ingu Hrefnu velkomna til starfa í stjórnina, um leið og við þökkum Bryndísi Kristjánsdóttur kærlega fyrir sjö ára hressilega formennsku.

Við minnum á að það eru allir velkomnir í leikklúbbinn.

Stjórn Leikklúbbsins Spuna

Unglingarnir í dag ?

Sönn saga frá verslunarferð á Íslandi.

Kona í vinnunni sagði frá því þegar hún fór í Bónus um daginn og fór á kassann með einhverjar tvær vörur og sagði við kassastarfsmanninn (sem var unglingsstrákur):

"Ég ætla að fá hvoru tveggja."

Strákurinn bara horfði á hana: "Hvað er hvoru tveggja?" Þá galaði starfsmaðurinn á næsta kassa (nota bene líka unglingsstrákur):

"Hey ég LENTI í þessu um daginn, þetta þýðir hún ætlar að fá þetta bæði !!!"

Viðförla Netverjinn

Börnin og ástin

"Ég veit ekki alveg hvers vegna það eru svona margir ástfangnir, en ég held það sé vegna þess að konur eru með ilmvatn og karlar rakspíra og það er þá líklega vegna þess að þau ilma svo vel. Þess vegna seljast ilmvötn svo mikið. Mamma kaupir alltaf fullt þegar hún fer til útlanda og oftast fyrir þabba."

Siggí 8 ára



Félag Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2006-2007

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingvi K. Guttormsson, ritari	350 206,	621 295 185	ikg@pt.lu
Ólafur Ólafsson, gjaldkeri	26 665 326,	621 365 895	island@pt.lu
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi	358 823,	621 375 875	birnabs@pt.lu
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163,	691 637 888	gst@gmx.co.uk
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður,	26 945 006,	691 348 737	oskars@islandus.net

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Dórothea Kjartansdóttir	621 572 779	elsakja@simnet.is
Heiða Ingimundardóttir	691 757 767	hei5@hi.is
Dagný Broddadóttir	621 541 292	dagny@vma.is

Stjórn Kirkjunefndar 2006-2007

Eyjólfur Hauksson	formaður,	768 545
María Huesmann		358 556
Sólveig Stefánsdóttir		789 341
Agnar Sigurvinsson		435 183



Stjórn leikklúbbsins Spuna

Inga Hrefna Kristjánsdóttir	formaður,	691 598 598	ingahr@pt.lu
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064	stella26@pt.lu
Íris Porkelsdóttir	gjaldkeri,	780 510	iristhorkels@yahoo.co.uk

Stjórn Íslandsdeildar Basar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir	formaður,	26 945 378	621 674 427
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri,	26 945 006	691 741 858
Guðný V. Benediktsdóttir	(innkaupast.),		661 200 206
Herdís Þórisdóttir (Dísa)		350 206	
Hjördís Ingvarsdóttir,			621 485 563
Tekla Skowronski			

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Til sölu

Íslenskur fiskur o.fl.

Íslenskur fiskur og kjöt til sölu. Spyrjast fyrir og pantið hjá Icekost. Bílinn kemur næst 7 - 8 desember. Netfang: icekost@t-online.de símar eru +49 4298 466 826 og +49 178 9055 862.

Viking Gold

Síðasti séns fyrir jóll! Íslenski VIKING GOLD bjórinn í hálfslítra umbúðum er til sölu í Lux. Kassinn kostar 40 €



Upplýsingar í síma 621 365 895 eða e-mail á island@pt.lu.

Íslenskt skyr í ScanShop

Eins og sjá má á bls. 3 hér í blaðinu þá er íslenskt skyr komið í sölu hér í Luxembourg.

Tilkynningar

Til félagsmanna

Gaman væri að fá skemmtilegar myndir frá félagsmönnum til að birta í Brúnni. Endilega sendið inn skemmtilegt efni.

Gisting við ævintýraheim Arnarhreiddursins

Helga Þóra Eder rekur fallett gistiheimili sem nefnist Friðartún í Þýsku Ölpunum. Sjá nánar á heimasíðu eða í október Brú. Friedbichlweg 14, 83471 Schönau am Königssee. Sími: +49 8652 4123
Gsm +49 1609 607 74 32
www.friedwiese.de/isl.htm
E-mail eder@friedwiese.de

Símaskrá

Breytingar

Heba Brandsdóttir
Gsm 621 162 188

Nýjir meðlimir

Haukur A. Eyjólfsson
Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir
5 beim Fuissebur
L-5364 SCHRASSIG
Sími 2678 5903
Gsm HAE 691 964 040
Gsm SBS 691 964 040
E-mail immoice@pt.lu
E-mail sveina2000@gmail.com

Fæðingar

Heba Brandsdóttir og Lárus Sigurðsson eignuðust dótturina Áslaugu Söru þann 28. ágúst síðastliðinn. Hún var 3160 gr. 49 cm.
Við óskum þeim til hamingju.

Ólöf Dís Þórðardóttir og Birgir Örn Björnsson eignuðust drenginn Björn Hinrik þann 26. október síðastliðinn. Hann var 3280 gr. og 49 cm.
Við óskum þeim til hamingju.

Áhugaverðar heimasíður

Luxembourg

www.adclux.info
www.e-ticket.lu
www.katabox.com
www.luxembourgticket.lu
www.popconcerts.de
www.rbenedikta.com
www.show.lu
www.topsquash.lu
www.thorunn.lu

Víðar

www.easybycoach.com

Munið eftir að kíkja á
www.islandus.net

Börnin búa til sín eigin orðtök, málshætti eða mismæla sig, skoðum nánar;

“Oft eru dain fólk lík.”